

Saga Skugga.

Skuggi, sem er af Border Collie kyni, er fæddur þann 1.apríl 2005 að Hæl í Flókadal og er því níu og hálf árs. Hann er fullþjálfður víðavangs-og snjóflóðaleitarhundur, þjálfður á vegum Björgunarhundasveitar Íslands, en Skuggi og eigandi hans, Halldór Halldórsson eru einnig meðlimir í Björgunarsveitinni Suðurnes.

Skuggi er undan Skarða frá Hæl og Orku einnig frá Hæl. Foreldrar Skarða voru Garmur frá Daðastöðum og Týra frá Tjörn í Biskupstungum. Foreldrar Orku voru Sokki frá Björgum og Snerpa frá Daðastöðum.

Eigandi Skugga, Halldór, fékk hundinn til að byrja með til reynslu frá þeim hjónum Jóhanni og Hörpu, ábúendum á Hæl í Flókadal, en Jóhann hafði aðeins byrjað að grunnþjálfva Skugga sjálfur í víðavangsleit á vegum Björgunarhunda Íslands. Skuggi, sem nú var orðin 15 mánaða, reyndist svo vel hjá Halldóri að hann ákvað að halda honum og halda áfram að þjálfva hann. Til að byrja með í víðavangsleit og síðan einnig í snjóflóðaleit. Hundateymið stundar æfingar og námsskeið árið um kring og þarf að taka endurmat á hverju ári í víðavangsleit og annað hvert ár í snjóflóðaleit.

Þeir félagar hafa farið í margar leitir í gegn um tíðina, bæði stórar og smáar s.s. leit að rjúpnaskyttum á Skáldabúðaheiði, leit að erlendum ferðamanni á Fimmvörðuhálsi og Sólheimajökli, leit að öðrum ferðamanni í kringum Hrafninnusker og Laugarveginn, auk fjölda annara leita.

Þeir félagar eru enn mjög virkir í björgunastörfum og koma til með að vera það á meðan heilsa leyfir.